

KRÍA

Kría er lítil og nett en orkumikil og fer hratt og ákveðið yfir. Hún er auðþekkt á svartri hettunni, rauðum gognum og kloffnu stélinu.

Kría er farfugl sem ver vetrinum við Suður-Íshafið. Á vorin flýgur hún norður eftir Atlantshafinu meðfram ströndum meginlandanna, nýtir hagstæða vinda til að létta undir fluginu og fylgir æti alla leið að norðurheimskautinu. Þar verpur hún og er fram á haustið þegar hún heldur aftur suður á bóginn. Krían ferðast lengri vegalengd en nokkur annar fugl.

Krían er fim á flugi og getur steypt sér eldsnöggt niður í vatn eftir síli. Í varplandinu er hún þekkt fyrir að verja varpið á flugi með snöggum dýfum og margir halda sig fjarri henni af ótta við að krían goggi í hausinn á þeim. Með þessu atferli ver hún afkvæmi sín fyrir ræningjum og aðrir fuglar njóta góðs af að verpa í nálægð við hana.

